

menningarmál

# Stórgóð sýning á Kjarvalsstöðum

KJARVALSSTADIR  
STEINUNN ÞÓRARINSDÓTTIR  
Myndlistarsýning.  
Skúlptúr

27.febr. —14. mars  
■ Eitt vandæðaróð í móðurmálinu er heitið höggmynd, og reyndar er orðið myndhöggvari líka í þeim flokki. Orðið er mjög lýsandi og maður sér fyrir sér kraftalega menn er ráðast að heljarstórum kletti með hamar og meitil að vopni til að gjöra — eða höggva til mynd. Þyrftu orðasmíðir endilega að búa til nýtt orð, sem nær yfir skúlptúr, eins og menn nefna „höggmyndalistina“ núna, því þótt enn starfi menn við grjóthögg, fer aðeins litill hluti vinnunnar þannig fram nú orðið, steinsmiði þessi er nefnilega á undanhaldi og „höggmyndir“ eru búnar til á allt annan hátt.

Ef til vill mætti nota orðið skúlptúr og nefna íslensku. Til er sögnin að skúlpa og mun þýða að bólgna, eða þrútna, sem er nú hlíðstæð meining.

Mér kom þetta í hug, þegar ég kom á myndlistarsýningu Steinunnar Þórarinsdóttur (f. 1955) en þar sýnir hún skúlptúra, sem gerðir eru úr brenndum leir, gleri, járni, gífsi, plasti, lérefti

og ýmsum efnum öðrum, en sýning hennar er á vesturgangi á Kjarvalsstöðum, sem nú er að verða einn víðfeldnasti sýningarstaður þessa húss, og reyndar austurgangurinn líka, það er að segja fyrir hentugar sýningar á svoleiðis stað, því þarna eru veggir að mestu úr gleri.

## Steinunn Þórarinsdóttir

Steinunn Þórarinsdóttir hefur ekki verið fyrirferðarmikil í myndheimi hér á landi, þótt verk hafi hún átt á sýningum hér, svo til nýverið en hún hélt einkasýningu í Galleri Sudurgötu 7 árið 1979 og tók þátt í sýningu myndhöggvarafélagsins á Korpúlfsstöðum þeirri er haldin var í til efni af listahátið.

Steinunn á að baki góðan námsferil erlendis. Nam á árunum 1974-1975 við Portsmouth College of Art and Design, Foundation Course og Portsmouth Polytechnic, Fine-art department 1976-1979, en fór þá til Ítalíu eins og allir sannir myndhöggvarar verða endilega að gjöra og var þar á Accademia Bella Arte í Bologna sem gestastúdent 1979-1980. Og nú er hún komin heim með sín föng og sýnir okkur ellefu



verk sem ef til vill þykja nú ekki margar myndir, en standa þó býsna vel fyrir sínu vægast sagt.

Þótt það hljómi ef til vill eins og þversögn að það sé list, svona í sjálfu sér að halda myndlistarsýningu þá er það mesti miskilningur. Auðvitað skiptir það þó miklu máli að góð verk séu á sýningu en sjaldgæfara er að sýning sé frumleg og vel sett upp. Yfirleitt eru myndirnar í röðum,

oft allar af svipaðri stærð og veggurinn litur út eins og járnbrautarlest hafi verið parkerað meðfram veggjunum. Allar myndirnar í sömu hæð. Og framhaldið þekkjum við.

## Sýningin

Steinunn fer öðruvísi að. Kjarni í sýningu hennar eru hvítar strengbrúður, eins konar marionettur í hvítum fötum og þær bera ógn og alla dul brúðunnar og grimunnar. Og síðan koma skúlptúrarnir, sem yfirleitt eru úr brenndum leir, þar sem sag er notað til að fá fram yfirborð eins og oft er á veðruðum legsteini.

Í raun og veru má segja að flest verkin séu hin athyglisverðustu og öll eru þau mjög sterk, nema ef vera kynni maður með gasgrimu og mæla á brjóstinu sem er verk af annarri ætt og gæðagráðu.

Steinunn notar spegla og gler með þessum leirmyndum og ef til vill eru athyglisverðustu verkin það sem er einskonar fóstur, en þó fullvaxta vera. Mjög dularfull og mögnuð mynd er kallar á hugleiðingar. Þá er að nefna leirbók, þar sem önnur síðan er úr spegli (gleri). Leir hefur nú ekki áður


þótt sérlega góður í bækur, en þarna vinnur hann, ásamt speglinum að frumlegri bók sem auðveldara er að lesa en greina frá efninu. Í þessari bók stendur nefnilega heilmargt sem erfitt er að skrifa um svo skiljanlegt sé á prenti.

Það efni stendur nefnilega í þeirri bók einni.

Það má fjölyrða um svona sýningu en verður ekki gjört hér. En listunendum skal bent á að þarna er spennandi og einkar vel gjörð sýning er sem flestir ættu að sjá. Ekki aðeins til að fagna listamanni, heldur til að fagna farangri listamannsins sem er óvenjumikill að þessu sinni.




Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist.



# Stórbætt aðstaða og aukin þjónusta

Laugarnesútibú Lónaðarbankans að Dalbraut 1 hefur nú flutt starfsemi sína um set í sama húsi. Við það stórbatnar öll aðstaða fyrir viðskiptavinum okkar og starfsfólki. Við bjóðum nú næturhólf (innkast) og geymsluhólf fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verið velkomin í rúmgóð húsakynni okkar.



**Lónaðarbankinn**  
Laugarnesútibú. Dalbraut 1. sími 85250